

Hönnun og nýsköpun 6. bekkur 2023 - 2024

Kennarar: Samuel Paul van der Heijden

| 6

Lýsing

Í hönnun og nýsköpun er lagt upp með að nemendur geti greint ýmsar þarfir í umhverfi sínu og komið fram með hugmyndir hvernig hægt sé að vinna eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Nám og viðfangsefni er í grunninn einstaklingsmiðað og byggist fyrst og fremst á virkni í tímum. Gert er ráð fyrir að nemandi útfæri sjálfur sína eigin hugmynd og smíði.

Í hönnun og nýsköpun er lagt upp með að nemendur geti greint ýmsar þarfir í umhverfi sínu og komið fram með hugmyndir hvernig hægt sé að vinna eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.

Grunnþættir menntunar

Heilbrigði og velferð: Reynt er að stuðla að vinnuleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfá einbeitingu, iðjusemi og verkfærni.

Læsi: Nemandinn læri og þjálfist í að nota orð og orðaforða sem tilheyrir greininni.

Jafnrétti: Lögð er áhersla á jákvæð samskipti og umburðarlyndi.

Lýðræði og mannréttindi: Nemandinn fær þjálfun í að útfæra sín verkefni.

Sjálfbærni: Nemandinn geri sér grein fyrir mikilvægi þess að nýta allan efnivið sem best.

Sköpun: Nemandinn fái tækifæri til að skapa og útfæra sitt verkefni.

Námsmat

Alla lotuna er símat – í lok lotu er nemandinn metinn samkvæmt hæfniviðmiði námskrár og fær hann lokamat í hæfnitáknum.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti nemandans við kennara og samnemendur eiga að einkennast af virðingu og tillitssemi. Nemandinn ber ábyrgð á eigin framkomu og hegðun, að hann mæti á réttum tíma í lotuna, fylgist vel með innlögnum og nýti tímann sinn vel til vinnu. Nemandinn vinnur að mestu leyti sjálfstætt en reyni að hjálpa samnemendum sínum ef því er að skipta. Hlutverk kennarans er aðstoða nemandann þannig að hann verði sjálfstæður í verki, leggi áherslu á góð vinnubrögð, góða umgengni og jákvæð samskipti.

Sel - hönnun og nýsköpun 6. bekkur

- **Hæfni á námssviði**

Sel - hönnun og nýsköpun 6. bekkur - Handverk

- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.
- Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni.

Sel - hönnun og nýsköpun 6. bekkur - Hönnun og tækni

- Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp vinnuteikningu.
- Hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum.
- Unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.
- Lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu.
- Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum.
- Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir.

Sel - hönnun og nýsköpun 6. bekkur - Umhverfi

- Gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til.
- Gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra.
- Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.

Sel - hönnun og nýsköpun 6. bekkur - Tjáning og miðlun

- Tekið virkan þátt í samræðum og hlustað á aðra.

Sel - hönnun og nýsköpun 6. bekkur - Sjálfstæði og

samvinna

- Jafnan tekið tillit til annarra og unnið með öðrum í hóp.
- Unnið eftir fyrimælum.

Sel - hönnun og nýsköpun 6. bekkur - Ábyrgð og mat á eigin

námi

- Nýtt tímamál vel.